



Umsögn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Umsögn um skýrslu og tillögur starfshóps um kyngreinda aðstöðu í skóla- og frístundahúsnæði Reykjavíkurborgar

Vísað er til skýrslu og tillaga starfshóps um ókyngreinda aðstöðu í skóla- og frístundahúsnæði Reykjavíkurborgar, dags 5. nóvember 2021. Leggur starfshópurinn þar fram lista yfir forgangsröðun á endurbótum á húsnæði skóla- og frístundastarfs vegna ókyngreindra búningaklefa og ókyngreindra salernisaðstaða til að tryggja þarfir trans barna og ungmenna. Kannaður var kostnaður annars vegar á sérklefa 15.000.000 og hins vegar á einni stakstæðri snyrtingu með handlaug 2.500.000. Auk þess var kostnaður vegna merkinga á aðstöðu skoðaður, límmiðar 1.100 + vsk og skilti 3.950 + vsk. Starfshópurinn tekur fram að kostnaður vegna framkvæmda sé settur fram með miklum fyrirvara, enda miðast hann við ákveðin verkefni og ekki auðveldlega yfirfærður á önnur verkefni. Einnig sé misjafnt hversu langt hugmyndavinna vegna framkvæmda sé komin, hún sé stundum á frumstigi og tillögur þar með enn lítið mótaðar. Í skýrslunni kemur fram að vegna breytinga á salernisaðstöðu samkv. forgangslista skal gera ráð fyrir að óskað sé eftir að lágmarki fimm ókyngreindum snyrtingum á hverjum stað og framkvæmdakostnaður verði á bilinu 20.000.000 – 30.000.000, en þó sé í einhverjum tilfellum verið að óska eftir fleiri snyrtingum. Einnig kemur fram hjá stýrihópnum að einungis sé um frumkostnaðaráætlun að ræða en alla hönnum þurfi að greina mun betur til að hægt sé að fá skýrari mynd af heildarkostnaði við framkvæmdir. Hver framkvæmd er sérstök og húsakostnaður fjölbreyttur. Þá er bent á að skóla- og frístundahúsnæði í Reykjavík er víðast hvar óhentugt þegar kemur að ókyngreindri aðstöðu og í flestum tilvikum kostnaðarsamt að ráðast í breytingar.

FAS hefur yfirfarið tillögur og skýrslu rýnihópsins og tekur undir það sem þar kemur fram að hugmyndavinna og kostnaðarmat séu á frumstigi og einungis hægt að nota sem mjög gróft viðmið. Sem dæmi má taka að kostnaðarviðmið vegna stakstæðrar snyrtingar með handlaug er 2.500.000 en að gera megri ráð fyrir framkvæmdakostnaður á hverjum stað í forgangslistanum vegna salernisaðstöðu sé um 20.000.000 – 30.000.000 þar sem gert er ráð fyrir að lágmarki fimm ókyngreindum snyrtingum. Er ákveðið ósamræmi í að 5 salernisaðstöður geti kostað annars vegar $5 \times 2.500.000 = 12.500.000$ eða að gera þurfi ráð fyrir 20.000.000 – 30.000.000 á hverjum stað. Í kostnaði vegna starfsstaðar er þó væntanlega búið að taka tillit til að salerni gætu orðið fleiri en fimm auk þess sem húsakostur er margbreytilegur og áskoranir því fjölbreyttar.

Það er því mat FAS miðað við fyrirbyggjandi gögn að hér sé einungis hægt að samþykkja ákveðna forgangsröðun sem síðan er send áfram til Eignaskrifstofu sem mun útfæra, verkefni, hönnun og tímalínu nánar í samræmi við fjárhagsáætlun.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs